

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Vatnamælingar

Skilagrein 205

HVÍTÁ - ÞJÓRSÁ
GRUNNVATN Á SKEIÐUM

Rvík. 10.maí '60

10.5.60

Hinn 9. maí 1960 var hafin athugun á grunnvatnsstöðu á Skeiðum.

Grunnvatnsstaðan verður mæld 1. og 15. hvers mánaðar.

Aðalmælistaðir eru eftirfarandi og mæla þarf inn og festa við landsnetið punktana, sem miðað er við í samanburði við þessa grunnvatnsathugun.

1. Kílhraun,	brunnur N íbúðarhúss, gæzlu annast	Þórður Guðmundsson
2. Skeiðháholt,	" SA " " "	Ólafur Jónsson
3. Votamyri,	" SA " " "	Eiríkur Guðnason
4. Brjánsstaðir,	" SA " " "	Jón Jónsson
5. Langamyri,	" S " " "	Ágúst Eiríksson
6. Ólafsvellir,	" NV (af Andrésfjósun) "	Þorbjörn Ingimundarson
7. Útverk,	" N íbúðarhúss, gæzlu "	Andrés Þórðarson
8. Vorsabær,	" V " " "	Eiríkur Jónsson

Á einum stað er F.M. nálægt grunnvatnsmælistöð. Það er fastamerkið við Norðurgarð. F.M. er þar í hæðinni 53,69. Viðmiðunarpunktur grunnvatnsathugana er þar 192 cm undir F.M. og vatnsstaða hinn 9. maí var 103 cm undir viðmiðunarpunktinum, svo að grunnvatnsborðið var í kóta 50,74 m y.s. Hvíta út fyrir Útverkum var (8/5) í kóta 49,39 og við Bauluós 48,87 og Árhraun 48,72.

Þegar kort er til af svæðinu 1:10 000 eða (1:20 000) er hægt að setja niður uppsprettu lindir.

Athugandi er að á Skeiðum eru víða svonefndar Dælur (nfl. eint. kvk. Dæla). Það eru grasivaxnir vatnsbollar. Dælurnar þorna alveg í þurrkum, en eru votlendur meirihluta ársins. Klaki var ekki farinn úr jörð svo að ekki var (9/5 '60) hægt að fá úr því skorið, hvort jarðvegur, ófrosinn, er svo þéttur að vatnið í dælunum slitni úr sambandi við grunnvatnið í hrauninu, sem er undir. En nú virtist vatnið í nokkrum dælum standa hærra heldur en grunnvatnið. Líkt er á komið með svonefnd FLÓÐ. Flóð eru vatnsbollar eða lægðir, í þeim vex ekki gras - þau eru rotin, þorna mjög sjaldan og sum aldrei. ^{Stla má} að þau gefi í flestum tilfellum til kynna hina réttu. ^{Vatnið} En þegar komið er fram á sumar þarf að athuga þéttleika í botnum þeirra, sem og dælunum.

Grunnvatnsmælistaðirnir 8 eru öruggir og gæzlumenn glöggir.

10/5 '60

Sigurj. Aist